

Gerri athugasemd við bann um fýlaveiðar en þær hafa verið stundaðar hér syðst á landinu í aldir og eru sannalega hluti af matarmenningu sem og þjóðmenningu okkar Eyfellinga og Mýrdælinga.

Ég sé ekki að drápsaðferðir með barefli á ófleygan ungan séu meira dýraplag en að skjóta gæs úr fjarlægð og láta hana falla særða úr nokkurri hæð.

Annars leyfi ég mér að geri bókun Mýrdalshrepps að minni einnig.

*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þannig að heimilar verði veiðar á fýl. Um er að ræða hefbundnar hlunnindaveiðar sem hafa menningarsögulegt gildi og ógna á engan hátt stofnstærð fýlsins. Undanþága þarf jafnframt að vera fyrir hendi að heimilt sé að nota barefli við veiðarnar eins og hefð er fyrir en slíkt yrði óheimilt samkvæmt 24. gr. frumvarpsins.*

*Ekki verður fallist á að siðferðisrök eða dýravelferðarsjónarmið mæli með banni við veiðum á fýl. Ekki verður séð að sú aðferð sem beitt er við fýlaveiðar valdi meiri kvölum en t.a.m. skotveiði þar sem fuglar særast oft til ólífis eða þá að óeðlilegt sé að ófleygir ungar séu veiddir enda er alifuglakjöt sú tegund kjöts sem mest er neytt af á Íslandi.*

*Sveitarstjórn óskar eftir því að fá að fylgja umsögninni eftir á fundi með nefndinni.*

*Með vinsemd.*

*Guðmundur Viðarsson*